

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
11. júlí 2011 10.5.8	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. júlí 2011
Tilvísun: UST20110600228/ksj

Allt að 80 MW Hólmsárvirkjun í Skaftárhreppi. Tillaga að matsáætlun. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar er barst 23. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna tillögu Landsvirkjunar og Orkusölnunnar að matsáætlun skv. 2. mgr. 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og 15. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

Tilgangur og markmið framkvæmdar er að mæta vaxandi orkuþörf í landinu til almennra nota jafnt sem iðnaðar.

Áformað er að byggja allt að 80 MW vatnsaflsvirkjun í Hólmsá með miðlun við Atley. Líkleg stærð er um 65 MW og orkugeta um 480 GWst/ári. Framkvæmdaraðili mun leggja til endanlega stærð virkjunar og sækja um tilskilin leyfi út frá niðurstöðum frekari rannsókna enengið er út frá ákveðinni hámarksstærð við mat á umhverfisáhrifum.

Ekki er gert ráð fyrir Hólmsárvirkjun á núgildandi aðalskipulagi Skaftárhrepps. Hólmsárvirkjun með miðlunarloni við Atley er hins vegar sýnd í tillögu að nýju aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn en bíður staðfestingar umhverfisráðherra. Virkjunin er utan Svæðisskipulags Miðhálandis Íslands 2015 og náttúruverndaráætlun 2009-2013 nær ekki til áhrifasvæðis virkjunarinnar. Á þessari stundu liggur ekki fyrir hvernig Hólmsárvirkjun raðast samkvæmt rammaáætlun en lokaskýrsla er áætluð sumarið 2011.

Vatnafar

Í umfjöllun um vatnafar í matsáætlun kemur fram að „Stíflugerð hefur áhrif á yfirborðsvatn og grunnvatn, þ.e. rennsli og vatnshæð, stefnu og styrk grunnvatnsstrauma og rof og setmyndun í og meðfram bökkum farvega og uppistöðulóna af völdum vatns og vinds.“ Í umsögn um drög að tillögu að matsáætlun Hólmsárvirkjunar fórst það fyrir hjá stofnuninni að gera athugasemd við þennan þátt, en hér með er það gert. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fjallað verði um umhverfisáhrif fyrirhugaðs löns, og að líta eigi til þeirra umhverfisáhrifa sem fram hafa komið við sambærilegar framkvæmdir t.d. við Blöndulón og

Hálslón. Stofnunin telur að fjalla eigi um sérstaklega öldurof og vindrof við lónið sem og fjúk sands og leirs úr lóninu og hvaða áhrifum það komi til með að hafa m.a. á lífríki.

Samfélag og efnahagur

Í umfjöllun um samfélag og efnahag og mat á umhverfisáhrifum Hólmsárvirkjunar á þá þætti kemur fram að rannsökuð verði áhrif af uppbyggingu og rekstri Hólmsárvirkjunar á ferðaþjónustu og annan atvinnurekstur á svæðinu, og væntanleg áhrif metin í ljósi áætlana um útivist, náttúruvernd og byggðapróun.

Að mati Umhverfisstofnunar ætti að gera grein fyrir áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á víðerni, útivist og ferðamennsku, með það í huga að aðkoma að fjölsóttu ferðamannasvæði mun ef af framkvæmdum verður, einkennast af mannvirkjabelti frá Búlandi að Hólaskjóli. Þar af leiðandi þarf að mati Umhverfisstofnunar að skoða afmörkun á framkvæmdasvæði nokkuð vítt.

Athugasemdir og ábendingar

Í umfjöllun um athugasemdir og ábendingar er bærust framkvæmdaaðila við drögum að tillögu að matsáætlun er farið yfir athugasemdir Umhverfisstofnunar á skýran hátt og fram kemur í tillögu að matsáætlun Hólmsárvirkjunar að tekið verði tillit til athugasemda Umhverfisstofnunar. Þó kemur fram að ekki verði orðið við þeim tilmælum Umhverfisstofnunar um : „*Að mati Umhverfisstofnunar er æskilegt að fram fari kostnaðarnytjamat (CBA) á svæðinu, en þá fengist heildstæðari sýn varðandi framkvæmdina, bæði hvað varðar kostnað vegna framkvæmdarinnar sjálfrar og vegna ávinningar af uppbyggingunni í heild.*” Rökstuðningur framkvæmdaaðila er að: „*Ekki sé hefð fyrir notkun þeirrar aðferðarfræði við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda hér á landi og framkvæmdaaðili telur að þau gögn sem aflað verður muni ekki nýtast til að vinna kostnaðarnytjamat með fullnægjandi hætti.*” Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdaraðili Hólmsárvirkjunar sé sá aðili sem helst vinnur að stórvirkjunum hér á landi, og að með Hólmsárvirkjun er verið að fara inn á lítt snortin víðerni, þannig að þó ekki hægt sé að tala um hefð við að gera kostnaðarnytjamat á virkjanarkostum í landinu, þá væri afar heppilegt og lýsandi að skoða framkvæmdina í því ljósi. Umhverfisstofnun bendir á að kostnaðarnytjamat er á námsskrá m.a. mastersnáms í auðlindafræði við Háskóla Íslands og erlendis er ekki farið í framkvæmdir á við Hólmsárvirkjun án þess að fram fari kostnaðarnytjamat.

Virðingarfyllt

Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir

Sérfræðingur